

Áveitan

3. tbl. 8. árgangur. Mars 2014

Keppendur frá Þjótanda á krakkaskákmóti á Hellu

Héraðsmót HSK í skák 16 ára og yngri fór fram laugardaginn 22. febrúar á Hellu. Keppt var eftir monrad- kerfi og var umhugsunartími fimm mínútur á hverja skák. Fimm krakkar kepptu undir merkjum Þjótanda á mótinu og þau stóðu sig með þrýði þrátt fyrir að enginn hafi lent á palli að þessu sinni.

Ágúst Ólafsson í Forsæti var liðstjóri en hann hafði undirbúið liðið með því að halda eina skákæfingu í aðdraganda mótsins. Þjótandi varð í fjórða sæti stigakeppninnar með fjögur stig. Árangur einstaklinga var eftirfarandi:

10 ára og yngri

Sigurjón Óli Ágústsson	4 vinningar	4. sæti
Christian Dagur Kristinsson	2,5 vinningar	13. sæti

11-13 ára

Dagur Fannar Einarsson	3 vinningar	6. sæti
Margrét María Ágústsdóttir	2 vinningar	9. sæti
Kristján Ingi Þórðarson	1 vinningur	11 sæti

Hingað til hafa lið undir merkjum Þjótanda aðeins verið send á héraðsmót í frjálsum og glímu. Nú hefur skákin bæst við og er það afar ánægjulegt. Vonandi á skákáhugi eftir að eflast enn frekar hér á svæðinu á næstu misserum.



Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélögin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason
ballroq@hotmail.com

Stefán Geirsson
stegeir@hotmail.com

Fanney Ólafsdóttir
fanneyo@emax.is

Frá sveitarstjóra

Leikskólamála

Af framkvæmdum við leikskólann Krakkaborg í Þingborg er það helst að fréttu að hönnunarvinnu vegna burðarþols, lagna, loftræstingar og raflagna er nánast lokið og einungis minni háttar útfærslumál sem eftir er að skoða.

Óskað hefur verið því við Hús og heilsu að settir verði niður mælar á fimm stöðum í leikskólanum til að meta og mæla ástand hússins eftir að framkvæmdum við hreinsun lauk.

Skipulagsvinna við deiliskipulag Þingborgar er langt komin, athugasemdafrestur er liðinn og beðið er eftir afgreiðslu Skipulagsstofnunar. Þegar skipulagsvinnu er lokið er hægt að sækja um byggingarleyfi og bjóða út framkvæmdir við eldri hluta leikskólans og viðbyggingu við hann.

Auglýst hefur verið eftir leikskólastjóra og rennur frestur til að senda inn umsókn út 11. mars n.k. Áhugasamir geta séð auglýsinguna á heimasíðu Flóahrepps, www.floahreppur.is

Heimasíða Flóahrepps

Lesendur Áveitunnar eru hvattir til að skoða nýja og lagfærða heimasíðu Flóahrepps, www.floahreppur.is. Iðunn Ásgeirsdóttir, verkefnastjóri ferðahjónustuklasa hefur tekið saman mikið af efni og upplýsingum sem nú má sjá á heimasíðu sveitarfélagsins.

Álagningaseðlar fasteignagjalda

Álagningaseðlar fasteignagjalda ættu að hafa borist eigendum fasteigna í Flóahreppi en gjalddagi fyrstu greiðslu er 1. mars með eindaga 30. mars. Álagningarprósenta fasteignagjalda, vatnsgjalds, lóðarleigu, sorphirðugjalda og sorpeyðingargjalda er óbreytt frá síðasta ári.

Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðskrár hækkar fasteignamat í Flóahreppi um 4,9% á milli ára.

Reiðvegur með Oddgeirshólavegi

Á síðasta fundi sveitarstjórnar var lagður fram undirskriftalisti frá 65 íbúum og nágrönnum við Oddgeirshólaveg þar sem skorað var á sveitarstjórn að óska eftir því við Vegagerðina að hafist verði handa við lagningu reiðvegjar

meðfram bundnu slitlagi á Oddgeirshólaveg nr. 304. Sveitarstjórn tók undir nauðsyn þess að lagður verði reiðvegur meðfram Oddgeirshólavegi og vísaði erindinu til reiðveganefnar og Vegagerðar í von um að brugðist verði við sem fyrst.

Menningarstyrkir

Sveitarstjórn Flóahrepps auglýsir eftir umsóknum um styrki til menningarmála í sveitarfélaginu sbr. reglur um reglur um úthlutun styrkja til menningarmála í Flóahreppi dags. 6. febrúar 2013.

Reglurnar eru svohljóðandi:

Styrkupp hæð verður samkvæmt fjárhagsáætlun hvers árs.

Styrkir verða veittir til verkefna sem talin eru skipta máli fyrir mannlíf og félagslíf og/eða til þess fallin að stuðla að björgun menningarverðmæta í sveitarfélaginu.

Eftirfarandi vinnureglur eru settar til viðmiðunar fyrir úthlutun styrkja:

Að um sé að ræða verkefni í Flóahreppi

Að umsækjandi sé lögráða einstaklingur, félagasamtök, stofnun eða fyrirtæki sem er með lögheimili í Flóahreppi.

Að umsókn fylgi lýsing á verkefni með verkáætlun, tímaramma, fjárhagsáætlun og upplýsingar um umsækjendur.

Að umsækjandi ábyrgist að öll tilskilin leyfi séu til staðar fyrir framkvæmd verkefnis.

Að umsókn fylgi ósk um styrkupp hæð.

Ekki verða veittir ferðastyrkir eða styrkir til reksturs.

Umsóknum þarf að skila á skrifstofu Flóahrepps fyrir 15. apríl n.k. og úthlutanir verða í tengslum við Fjör í Flóa.

Sveitarstjórn Flóahrepps tekur ákvörðun um úthlutun styrks/styrkja samkvæmt fyrirbyggjandi umsóknum. Sveitarstjórn getur leitað álits þar til bærra aðila við mat á umsóknum.

Sveitarstjórn getur ákveðið að veita styrk til eins verkefnis eða fleiri.

Til ráðstöfunar samkvæmt ofangreindum reglum fyrir árið 2014 er kr. 1.000.000.

Umsóknum má skila til skrifstofu Flóahrepps fyrir 15. apríl n.k. eða á netfangið floahreppur@floahreppur.is, merkt menningarstyrkur.

Rennibekkur til sölu

Flóahreppur óskar eftir tilboði í rennibekk (var í Þingborg). Þarf eflaust einhvert viðhald. Frjálst að koma og skoða.

Nánari uppl í s. 898-2554 Rúnar.

Einnig má senda fyrirspurn á floahreppur@floahreppur.is

Folaldasýning Hrossaræktarfélags Hraungerðishrepps

Folaldasýning fyrir félagsmenn í Hrossaræktarfélagi Hraungerðishrepps verður haldin sunnudaginn 9. mars í Sleipnishöllinni á Selfossi. Eigendur folalda eru beðnir um að vera mættir kl 13:00, en sýningin hefst kl 13:30. Ágúst Ingi tekur við skráningu í síma 899-5494 eða 482-1032, eða netfangið: agustk@visir.is og þarf skráning að hafa borist í síðasta lagi á fimmtudagskvöldið 6. mars.

Þátttökugjald er 1500 kr á folald og greiðist á staðnum með reiðufé. Það sem koma þarf fram við skráningu er eftirfarandi: litur, nafn, faðir, móðir, eigandi og ræktandi. Hest- og merfolöldum verður skipt upp í 2 flokka. Verðlaun fyrir 3 efstu sætin í hvorum flokki og folatollur fyrir efsta sætið. Kaffiveitingar verða seldar á staðnum gegn vægu gjaldi.

Vonumst til að sjá sem flesta.

Stjórnin.

Frá Kvenfélagi Hraungerðishrepps:

Aðalfundur

Aðalfundur Kvenfélags Hraungerðishrepps verður haldinn í Þingborg fimmtudaginn 13. mars kl. 20.30. Á dagskrá fundarins eru venjubundin aðalfundarstörf. Gunnur S.Gunnarsdóttir sem gengt hefur starfi gjaldkera undanfarin 6 ár ætlar ekki að gefa kost á sér til endurkjörs. Nýir félagar ávallt velkomnir.

Kaffihópur: Betzy Marie Davíðson, Helga Sigurðardóttir, Hilda Pálmadóttir, Ingunn Jónsdóttir, Sigríður Harðardóttir, Matthildur Pálsdóttir og Berglind Björk Guðnadóttir.

Hittumst hressar og kátar,
kveðja stjórnin.

Herbergiskvöld

Nú er undirbúningur fyrir basarinn sem fyrirhugaður er í haust kominn á fullt og ætlum við að hittast í herberberginu okkar í Þingborg í nokkur skipti fram á vor. Næstu skipti eru 6. mars, 20. mars, 2. apríl og 10. apríl kl. 20.30 öll kvöldin.

Það verður efni á staðnum í hekl, saum og prjón fyrir þær sem það vilja. En það er alveg frjálst að koma með það sem hverri og einni henntar. Allar hugmyndir að skemmtilegu handverki vel þegnar. Sjáumst sem flestar og njótum samverunnar við þessi skemmtilegu verkefni.

Kv. Stjórnin.

Fræðslu- og skemmtiferð hrossaræktarfélaganna

Hrossaræktarfélögin þrjú í Flóahreppi standa fyrir fræðslu- og skemmtiferð laugardaginn 15. mars. Ferðinni verður heitið í Ölfusið á nokkur hrossaræktarbú.

Skráning berist í síðasta lagi 12. mars til Ágústar Inga í síma 899-5494 eða á netfangið agustk@visir.is eða Ólafs Lárussonar. sími:862-2610 netfang jani@mmedia.is.

Rútan leggur af stað frá Þingborg kl. 10 og tekur fólk uppí á leiðinni vestur t.d. við reiðhöll Sleipnis. Áætluð heimkoma er um kl. 18:00. Áætlaður kostnaður á mann er kr. 4000 og er innifalinn hádegisverður.

Allir velkomnir, einnig utanfélagsmenn.

Stjórnirnar

Skákmót í Tré og list

Sunnudagskvöldið 9. mars 2014 kl.19:00, á afmælisdegi Bobby Fischer, verður skákmót í Tré og list að Forsæti í Flóahreppi. Tefldar verða Fischerskákir (960Chess), 5/3 umhugsunartími, 7 umferðir með Sviss kerfi. Gott er að mæta með tafl og klukku ef hún býður uppá 5/3 umhugsunartíma.



Mótsgjald er 1000 kr. og rennur óskipt til styrktar Fischerseturins á Selfossi.

Akstursleiðbeiningar má finna á heimasíðu Tré og list: <http://www.treoglist.is>

Nánari upplýsingar í síma 860-1895 eða 860-1706

Afleysingar

Tek að mér afleysingar og ýmis verk fyrir bændur. Uppl. í 865-7001 Einar Magnússon.

Frá Kvenfélagi Gaulverjabæjarhrepps:

Aðalfundur

Aðalfundur Kvenfélags Gaulverjabæjarhrepps verður haldinn á loftinu í Félagslundi fimmtudagskvöldið 27. mars og hefst kl. 20.30. Venjuleg aðalfundarstörf. M.a. verður kosning formanns, en núverandi formaður gefur ekki kost á sér til endurkjörs. Fjölmennum á aðalfund og eigum saman góðan fund, þar sem við ræðum málefni félagsins og starfið framundan. Konur utan félags eru sérstaklega hvattar til að koma og kynna sér kvenfélagið.

Þessar eiga að sjá um kaffi á fundinum: Margrét á Velli, Hildur í Efri-Gegnishólum og Stefanía í Klængsseli.

Stjórnin.

Basarvinna

Undirbúningur fyrir jólabasarinn næsta haust er í fullum gangi. Hittst hefur verið á þriðjudagskvöldum og verður því haldið áfram fram á vor.

Næstu basarkvöld verða sem hér segir: 4. mars, 18. mars og 1. apríl, öll kvöldin frá kl. 20.00-22.00 á loftinu í Félagslundi. Verum duglegar að mæta og taka þátt í þessari skemmtilegu vinnu, margar hendur vinna létt verk.

Stjórn og basarnefnd.

Frá Flóaskóla

Eins og alltaf er mikið um að vera í Flóaskóla. 1. febrúar tók Flóaskóli í fyrsta skipti þátt í alþjóðlegri hönnunar- og nýsköpunarkeppni á vegum Lego verksmiðjunnar. Í keppninni þurfa liðin að vinna að eftirfarandi verkefnum: Rannsóknarverkefni, dagbók, forritun og skemmtiatriði. Þemað í ár var náttúruvæ. Sex drengir úr 8.-10. bekk mættu til leiks í Háskólabíó og stóðu sig frábærlega.

Gríðarlegur áhugi var fyrir skákmóti skólans sem fór fram 5. febrúar og skráðu 53 nemendur sig til þátttöku. Það var Ágúst Valgarð, faðir í skólanum, sem hafði veg og vanda að mótshaldinu sem fór fram í Þjórsárveri.

Úrslit voru eftirfarandi: **Yngstastig:** 1. sæti: Sigurjón Óli Ágústsson, 2. sæti: Sigurjón Reynisson, 3. sæti: Sæþór Atlason. **Miðstig:** 1. sæti: Dagur Fannar Einarsson, 2. sæti: Margrét María Ágústsdóttir, 3. sæti: Ágúst Gísli Heimisson. **Unglingastig:** 1. sæti: Sunna Skeggjadóttir, 2. sæti: Magnús Freyr Bárðarson, 3. sæti: Ægir Atlason.

Dagana 5.-18. febrúar tóku nemendur og starfsmenn þátt í Lífshlaupinu. Lífshlaupið er heilsu- og hvatningarverkefni Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands og hefur verið haldið árlega frá 2006. Markmiðið er að hvetja fólk til að stunda holla og góða hreyfingu á hverjum degi. Tíminn sem fer í hreyfinguna er skráður niður og lenti Flóaskóli í 4. sæti af 11. skólum sem kepptu í okkar

stærðarflokki, þ.e. 70-149 nemendur.

13. febrúar fór 1.-7. bekkur í menningarferð til Reykjavíkur. Allir fóru saman á stórtónleika hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands í Hörpunni. Eftir það fór 1. bekkur í miðbæjarferð, 3.-4. bekkur fór á Sjóminjasafnið og 5.-7. bekkur skoðaði Þjóðminjasafnið. Að lokum fengu allir flatböku á Hróa Hetti.

Nýr matreiðslumaður tók til starfa um miðjan mánuðinn þegar Steinunn Lilja lét af störfum en hún á von á sínu fyrsta barni á næstu dögum. Við starfinu tók Selfyssingurinn Páll Björgvin Ingimarsson en hann hefur áratugareynslu úr matreiðslugeiranum.

Síðustu vikuna í febrúar var „Opinn skóli“ fyrir foreldra í Flóaskóla. Í samræmi við skólafestunna viljum við tengja foreldra sem best við starfið okkar. Við skorudum því á foreldra að koma í heimsókn og taka virkan þátt í kennslunni. Settar voru upp þrjár leiðir fyrir foreldrar til að taka þátt:

1. Stuðningsfulltrú: Foreldri kom í 40 mínútur í kennslustund og aðstoðaði alla nemendur í bekknum í þeim verkefnum sem voru í gangi undir stjórn kennarans.

2. Kennari: Foreldri kom í kennslustund með fræðslu sem tók 10-40 mínútur.

Foreldrið skipulagði kennsluna eftir sínu áhuga-, þekkingar- og reynslusviði.

Þarna var t.a.m. boðið upp á dúfnasýningu, þýskukennslu og origami kennslu.

3. Gæsla í frímínútum: Foreldrar sem fóru í gæslu úti á skólalóð fóru í gul vesti eins og aðrir starfsmenn og pössuðu upp á að allt gengi vel hjá nemendum.

Að launum fyrir vel unnin störf var foreldrum boðið upp á kaffi og kleinur á kaffistofu starfsmanna.

27. febrúar fór Stóra upplestrarkeppnin fram í Þjórsárverri. Keppnin er haldin um land allt meðal nemenda í 7. bekk. Krakkarnir hafa verið í miklum æfingabúðum hjá Katrínu Ósk Þráinsdóttur íslenskukennara síðustu vikur og stóðu þau sig öll með miklum sóma í keppninni. Dómararnir, Margrét sveitarstjóri, Einar á Urriðafossi og Sigurgeir fyrrv. skólastjóri áttu því erfitt verk fyrir höndum. Niðurstaðan varð sú að Hlynur Þór Róbertsson hafnaði í 1. sæti, Kolbrún Katla Jónsdóttir varð í 2. sæti og Arndís María Ingólfsdóttir í því þriðja.

Á næstu vikum er svo margt um að vera eins og leynivínávika og Royalkvöld á unglíngastigi, öskudagshátíð á yngsta- og miðstigi, árshátíðir á öllum stigum og heimsóknir frá góðum gestum eins og „Bigga blinda“ og Þorgrími Þráinssyni. Við viljum því endilega skora á alla að „líka við“ Flóaskóla síðuna á Fésbókinni en þar birtast myndskreyttar fréttir af starfinu oft á tíðum í rauntíma auk þess sem við setjum stundum inn video af skemmtilegum uppákomum í skólastarfinu.

Með bestu kveðjum,
Guðmundur Freyr Sveinsson,
skólastjóri Flóaskóla.

Frá Umf. Baldri:

Aðalfundur

Aðalfundur Umf. Baldurs var haldinn í Þingborg 5. janúar síðastliðinn. Fín mæting var á fundinn og var boðið upp á Dominos pizzur og gos í upphafi fundar. Nokkrar breytingar urðu á stjórn félagsins en Baldur Gauti Tryggvason var kosinn formaður aftur, eftir að hafa þó sinnt því embætti næstum allt árið vegna persónulegra aðstæðna hjá Rúnar Hjálmarssyni sem hafði verið kosinn formaður á aðalfundi 2013. Aðrar breytingar eru þær að auk Rúnars gáfu ekki kost á sér í stjórn Elín Magnúsdóttir og Hjördís Björg Viðjudóttir. Í stað Baldurs var Guðmundur Bjarnason frá Túni kosinn varaformaður, Gunnhildur Gísladóttir ritari og Anton Þór Ólafsson og Birgitta Kristín Bjarnadóttir sem varamenn. Gunnhildur og Jón Gautason meðstjórnandi skiptu um embætti eftir fund og er Jón því ritari félagsins og Gunnhildur meðstjórnandi.

Stjórn félagsins er því skipuð eftirfarandi einstaklingum:

Baldur Gauti Tryggvason formaður
Guðmundur Bjarnason varaformaður
Jón Gautason ritari
Svanhvít Hermannsdóttir gjaldkeri
Gunnhildur Gísladóttir meðstjórnandi
Birgitta Kristín Bjarnadóttir varamaður
Anton Þór Ólafsson varamaður

Félagið skilaði góðum hagnaði á árinu 2013 og á í sjóði góðan pening. Þá á félagið talsverðar eignir í Þingborg og í félagssvæðinu Einbúa.

Rætt var á fundinum um framtíð félagsins og félagsmenn brýndir til þess að án þeirra sé félagið ekkert og þeir beðnir um að hafa það í huga að efla félagsstarfið með því að koma með uppástungur um hvað hægt sé að gera. Að loknum hefðbundnum fundi var þórrablótsannáll ársins 2013 settur í gang og hlegið að honum frameftir.

Nefndir Umf. Baldurs árið 2014

Skemmtinefnd:

Hjördís Björg Viðjudóttir, formaður
Birna Almarsdóttir
Harpa Almarsdóttir
Guðmundur Bjarnason
Margrét Helga Steindórsdóttir
Birgitta Kristín Bjarnadóttir
Helga Margrét Höskuldadóttir
Sigurður Andri Jóhannesson
Anton Þór Ólafsson

Elsa Margrét Jónasdóttir
Þórunn Ösp Jónasdóttir
Til vara:
Sunna Skeggjadóttir
Eyrún Gautadóttir
Hólmar Höskuldsson
Hannes Höskuldsson
Stefán Narfi Bjarnason
Agnes Björg Birgisdóttir

Íþróttanefnd:

Jón Gautason formaður
Guðmundur Bjarnason
Helga Margrét Höskuldsdóttir
Sunna Skeggjadóttir
Eyrún Gautadóttir
Hanna Kristín Ólafsdóttir
Elsa Margrét Jónasdóttir
Þórunn Ösp Jónasdóttir

Til vara:

Hólmar Höskuldsson
Hannes Höskuldsson
Stefán Narfi Bjarnason

Ölsölunefnd:

Ágúst Hjálmarsson formaður

Anton Þór Ólafsson
Birgitta Kristín Bjarnadóttir
Margrét Helga Steindórsdóttir

Ritnefnd

Baldur Gauti Tryggvason fulltrúi í
ritstjórn Áveitunnar

Til vara:

Einar Magnússon
Agúst Hjálmarsson

Ræktunarnefnd

Skeggi Gunnarsson
Einar Hjálmarsson
Einar Magnússon

Þorrablót

Umf Baldur þakkar öllum þeim sem lögðu leið sína á Þorrablót í Þingborg kærlega fyrir komuna og vonar að við sjáum jafnmarga líka á næsta ári, í byrjun febrúar.

Páskabingó og páskahraðskákmót

Umf Baldur ætlar í kringum páska að halda bæði bingó og hraðskákmót í Þingborg. Verður nánar auglýst síðar.

Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps:

Aðalfundur kvenfélagsins verður haldinn í Þjórsárveri fimmtudaginn 13. mars kl. 20.00.

Á dagskrá fundarins eru hefðbundin aðalfundarstörf, og kosning um lagabreytingar sem kynntar voru á haustfundi. Gögn vegna lagabreytinga verða send heim til félagskvenna fyrir fund.

Nýjar konur boðnar hjartanlega velkomnar á fund og til inngöngu í félagið.

Kaffikonur: Rósa Matthíasdóttir, Þorbjörg Vilhjálmsdóttir, María Hödd Lindudóttir, Kristín Tómasdóttir, Alda Hermannsdóttir og Aðalheiður Sveinbjörnsdóttir.

Með kveðju,
Sólveig Þórðardóttir formaður

Frá Gaulverjabæjarkirkju:

Aðalsafnaðarfundur Gaulverjabæjarsóknar verður sunnudaginn 30. mars, eftir messu í kirkjunni sem hefst kl. 14.00. Venjuleg aðalfundarstörf. Farið verður yfir starf síðasta árs, m.a. framkvæmdir við kirkjugarð og fl. Sóknarnefnd.

Frá Leikskólanum Krakkaborg

Líf og starf í Krakkaborg gengur vel og þar er alltaf nóg um að vera. Febrúarmánuður var kaldur og vindasamur og er okkur virkilega farið að langa í smá tilbreytingu í veðráttuna. Í mánuðinum fóru af stað ný verkefni á öllum deildum. Á Lóudeild, þar sem yngstu börnin eru í vistun, var farið af stað með sérstakt valkerfi þar sem börnin læra að velja sér verkefni á myndrænan hátt ásamt því að læra um tölustafi og liti. Á Ugludeild, miðjudeildinni okkar, er sérstakt litapema í gangi þar sem hver vika fær ákveðinn lit sem síðan er unnið með í öllum þáttum starfsins s.s. listakrök, tónlist, tilraunum og fleira. Á Krummadeild, þar sem elstu börnin eru, er í gangi húsdýrapema þar sem börnin læra um dýrin, afkæmi þeirra, lifnaðarhætti og fleira. Þemað endar svo á að farið er í vettvangsheimsókn á sveitabæ þar sem börnin fá að kynna dýrunum og sveitastörfum almennt af eigin raun.

Vinnuhópur um húsnæðismál leikskólans hittist reglulega og er gaman frá því að segja að hönnun á endurbótum og viðbyggingu leikskólans í Þingborg er á lokastigi. Ef allt gengur eftir er gert ráð fyrir að verkið fari í útboð nú í marsmánuði. Starfsfólk leikskólans sótti nokkur námskeið í febrúarmánuði og má þ.á.m. nefna námskeið um Tákni með tali og barnavernd.

Senn líður að því að undirbúningur fyrir næsta skólaár fari í fullan gang. Þeir foreldrar sem óska eftir leikskólavistun fyrir börn sín skólaárið 2014-2015 eru því vinsamlega beðnir um að **sækja um leikskólapláss fyrir 1. apríl n.k.** Sótt er um leikskólapláss inn á heimasíðu leikskólans www.leikskolinn.is/krakkaborg. Ekki þarf að sækja aftur um pláss fyrir þau börn sem eru nú þegar í vistun eða eiga inni umsókn.

Í marsmánuði verða haldin foreldraviðtöl og stefnum við einnig að því að bjóða foreldrum til okkar í síðdegiskaffi fyrir páska. Við munum að sjálfsgöðu halda í íslenskar hefðir og fagna bolludegi, sprengidegi og öskudegi með stæl ásamt fleiri skemmtilegum verkefnum.

Bestu kveðjur,
Hallfríður Ó. Aðalsteinsdóttir
Leikskólastjóri í Krakkaborg

Íþróttafréttir

MÍ 11-14 ára

Þrír krakkar frá Þjótanda fóru og kepptu á Meistaramóti Íslands 11-14 í frjálsum íþróttum 8. og 9. febrúar síðastliðinn. Árangur þeirra var eftirfarandi:

Unnsteinn Reynisson	60m hlaup	10,48sek	35. sæti
	Langstökk	3,18m	32. sæti
Dagur Fannar Einarsson	Langstökk	3,86m	10. sæti
	60m hlaup	09,44sek	13.-14. sæti
	800m hlaup	2:39,31mín	2. sæti

Marta Brynjólfsdóttir, Dagur Fannar og Unnsteinn kepptu síðan öll í boðhlaupum með sveitum HSK/Selfoss og stóðu sig mjög vel. Þess má geta að HSK/Selfoss sigraði stigakeppnina á mótinu og varði þar með Íslandsmeistaratitilinn frá því á síðasta ári.

Héraðsleikar HSK

17 hressir krakkar frá Þjótanda kepptu á Héraðsleikum HSK í frjálsum sem fram fóru á Hellu 1. mars sl. Líf og fjör var á mótinu og voru krakkarnir svo sannarlega til sóma hvað varðaði þrúðmennsku og liðsheild. Úrslit mótsins eru ekki komin í hús en verða birt í næstu Áveitu.

Héraðsglíma framundan

Héraðsmót HSK í glímu, Skjaldarglíma Skarphéðins og Bergþóru, fer fram á Laugalandi fimmtudaginn 6. febrúar og hefst kl. 17:00. Keppni hefst í barna og unglingaflokkum en fullorðinskeppnin fer fram að henni lokinni. Keppt er hverjum aldursflokkum fyrir sig frá 11 til 16 ára.

Góður árangur á Grunnskólamóti HSK

Flóaskóli átti fimm keppendur á Grunnskólamóti HSK sem fór fram í Reykholti 5. febrúar. Alls kepptu 83 nemendur úr fjórum skólum af sambandsvæði HSK á mótinu sem hefur verið haldið árlega í um það bil 20 ár. Árangur okkar fólks varð eftirfarandi:

Í 5. bekk stráka voru 12 keppendur og hafnaði Victor Örn Victorsson í 2.-3. sæti í flokkunum. Unnsteinn Reynisson komst ekki upp úr undanriðli.

Í 10. bekk stúlkna hafnaði Hanna Kristín Ólafsdóttir í 2. sæti eftir úrslitaglímu í fjögurra meyja flokki. Þorgils Kári Sigurðsson sigraði í 10. bekk pilta og Jón Gunnþór Þorsteinsson náði 3. sæti. Alls voru 10 keppendur í þeim flokki.

Fjör í Flóa

Nú er undirbúningur fyrir Fjör í Flóa hafin og viljum við biðja þá sem eru með einhverjar hugmyndir að viðburðum, þá sem vilja vera með bása, sýningar, kynningar ofl. sem og þá ætla að vera með opið hús að hafa samband við okkur. Einnig væri gott að fá að vita af smádýrum til að hafa til sýnis.

Fjör í Flóa verður helgina 30. maí til 1. júní.

Rekstrarstjórn félagsheimilanna
sigmarorn@hotmail.com

Fundur hjá ferðapjónustuaðilum

Sælir ferðapjónustuaðilar og aðrir hagsmunaaðilar í Flóahreppi. Undirrituð, Iðunn Ýr Ásgeirsdóttir, verkefnastjóri í flóahreppi á sviði ferðapjónustu, býð ykkur til fundar í Þingborg fimmtudaginn **6. mars kl. 20:00 – 22:00**

Viðfangsefni fundarins verða eftirfarandi:

Flóakortið
Styrkumsókn varðandi Kolsgarð
Styrkumsókn varðandi Ásgrím Jónsson listmálara
Styrkumsókn varðandi Ásaveginn - framlenging á þessari leið
Höfuðfatasamkeppni 2014 – Þingborg Ullarvinnsla
Samstarf við Gunnar hjá Friend in Iceland
Leynardómar Suðurlands - Matur, menning og saga
Önnur mál

Ég hvet alla ferðapjónustuaðilar í Flóahreppi auk annarra hagsmunaaðila sem hafa áhuga á uppbyggingu í ferðamálum að mæta á fundinn. Vinsamlegast látið undirritaða vita með hvort þið getið mætt.

Iðunn Ýr Ásgeirsdóttir,
verkefnastjóri í Flóahreppi

Aðalfundur Búnaðarfélags Villingaholtshrepps

Verður haldinn þriðjudagskvöldið 11. mars nk. í Þjórsárveri og hefst kl. 20:30. Venjuleg aðalfundarstörf og nýir félagar velkomnir.
Stjórnin

Sjónarspil á Selfossi

-leikdómur

Leikfélag Selfoss

Bróðir minn Ljónshjarta eftir Astrid Lindgren

Leikstjórn: Sigrún Valbergsdóttir

Undirrituð fór ásamt þremur öðrum að sjá nýjasta afrakstur Leikfélags Selfoss, barnaleikritið Bróðir minn Ljónshjarta eftir Astrid Lindgren. Eins og þeir vita sem þekkja söguna þá er Bróðir minn Ljónshjarta töluvert frábrugðin öðrum sögum Astrid Lindgren, og afar óvenjuleg barnasaga, því hér er fjallað um lífið og dauðann. Yngri bróðirinn Snúður liggur banaleguna, og Jónatan stóri bróðir hans segir honum sögur um lífið í Nangijala, þar sem hann mun brátt lenda. Líf Jónatans tekur óvæntan endi og í Nangijala lenda þeir báðir bræðurnir. Fljótlega kemur í ljós að lífið í Nangijala er flóknara og hættulegra en til stóð. Illmennið Þengill reynir að ná völdum og þeirra bræðra bíða verðug verkefni í glímunni við hann.

Sýningin er stórvirki. Leikarar eru 20 talsins og þar fyrir utan hafa um 40 manns komið að verkefninu. Eins og svo oft áður hjá Leikfélagi Selfoss er það leikmyndin og útlit sýningarinnar sem fær mest hrós frá mér. Það er eins og þetta litla svið geti bara breyst í hvað sem er, og það er greinilegt að þarna hefur hópur fólks unnið í langan tíma við að galdra fram ævintýraheim sem er engu líkur. Senan þar sem Snúður ferðast yfir fjöllin í þokunni, ríðandi á hesti framhjá úlfahjörð er algjört sjónarspil, og ég væri til í að sjá leikritið aftur bara til að virða þetta atriði betur fyrir mér. Þarna birtast líka ýmis illmenni, og verst þeirra er Katla sem er hræðilegt skrímsli aftan úr forneskju. Sviðið nótrar þegar hún birtist og áhorfendur trúu ekki sínum eigin augum, frábærlega gert. Lýsingin er góð og tónlistarflutningur einfaldur og hæfir verkinu vel.

Leikararnir eru margir ungir og óreyndir. Mest mæðir á Baldvin Alan Thorarensen sem leikur Snúð. Hann skilar sínu af miklu öryggi, og framsögnin er fyrsta flokks bæði hjá honum og Bjarka Þór Sævarssyni sem leikur Jónatan. Það var gaman að sjá samleik þeirra féлага, þeir voru eins og alvöru bræður. Aðrir leikarar eru margir góðir og fannst mér Aðalsteinn Jóhannsson standa sig best.

Sýningin er þó ekki gallalaus. Sumar senur eru of langar, textinn er stundum of hægur, og er þar aðallega þunglamalegu handriti um að kenna. Lokabardagasenan við Kötlu skilaði sér ekki nógu vel, en kannski var það af því að ég sat á aftasta bekk og sá ekki nógu vel niður á sviðið.

Að mínu mati er sýningin ekki fyrir leikskólabörn, allavega ekki fyrir yngri en 5 ára. Sumir gætu orðið hræddir því þarna geysa miklir bardagar og ýmislegt á sér stað sem á ekki erindi til ungra barna. Allir grunnskólakrakkar og annað eldra fólk ætti hinsvegar hiklaust að fara og sjá verkið, því hér er á ferð stórgóð skemmtun. Þegar gluggað er í leikskrána sjást þar nöfn margra fyrrverandi og núverandi íbúa í Flóahreppi sem lagt hafa hönd á plóg og sannast þar enn að Flóamenn eru betri en enginn þegar kemur að leiklist. Hér eru að lokum ummæli sessunauta minna um sýninguna:

Nr. 1: Rosalega spennandi

Nr. 2: Mjög flott sýning

Nr. 3: Ógeðslega fyndið, en of mikið ofbeldi

Fanney Ólafsdóttir



Ullarvinnslan í Þingborg, efnir til samkeppni um: **Höfuðfat ársins 2014**

Efnisval og aðferð er frjál. Höfuðfatið má vera unnið á hefðbundinn hátt, þrjónað, heklað eða þæft eða á hvern annan hátt sem höfundur kýs. Eina skilyrðið er að verkið falli undir skilgreininguna höfuðfat, en sé ekki hárband eða skraut og sé ætlað fullorðnum.

Þingborg vill með þessu bæði kanna og vekja athygli á hinni merkilegu flóru höfuðfata og sem blómstrar ekki síður í köldum löndum en heitum. Höfuðföt endurspeglar þjóðarsálina á hverjum tíma, oft eru þau tákn um þjóðfélagsstöðu og í mörgum tilfellum tengd trúarbrögðum viðkomandi hóps eða atvinnugrein.

Á tímum iðnbyltingarinnar varð til hið furðulega höfuðfat, pípuhattarnir, tákn atvinnurekenda, og líktu hattarnar eftir háum skorsteinum verksmiðjanna sem náðu jafnvel upp fyrir kirkjuturnana sem áttu samkvæmt hefð að vera hæstu byggingar viðkomandi staða. Íslendingar hafa gegnum aldirnar ekki verið neindir eftirbátar annarra þjóða við að tjá stöðu sína, skoðanir og starfssvetvang með höfuðfötum, hvorki konur né karlar. Konur hafa ýmist notað háa, hvíta falda eða peysufatahúfur sem skiptu um lit og lögum gegnum tíðina en héldu þó sínum silfurhólk og skúf. Sjómenn notuðu formfagra sjóhatta en látlaus derhúfan varð tákn bænda fremur en hinn borgaralegi hattur. Að skreyta höfuðfatið loðskinnnum hefur oft verið tákn um ríkidæmi.

Prenn vegleg verðlaun úr héraði verða veit, m.a. gisting í Gaulverjabæjarskóla, á Gistiheimilinu Lambastöðum og í Vatnsholti. Vandað verður til dómnefndar og tillit tekið til atriða eins og hönnunar, handbragðs, hugmyndaauðgi og menningarlegrar nálgunar.

Höfuðfötin skal senda til: Ullarvinnslan í Þingborg, Gamla Þingborg, Flóahreppi, 801 - fyrir 20. maí. Þeim skal skilað undir dulnefni, en umslag fylgi merkt sama dulnefni þar sem nafn, heimilisfang, sími og tölvupóstfang höfundar er skráð.

Verðlaunaafhending fer fram á sveitahátíðinni Fjör í Flóa laugardaginn 31. maí 2014.

Þingborg óskar eftir að halda úrvali af innsendu verkunum og hafa til sýnis í sumar og fram í byrjun október. Öll verk verða endursend til eigendanna þeim að kostnaðarlausu. Frekari upplýsingar er hægt að fá í sínum: 846 9287, 895 0517 og 482 1027 og gegnum tölvupóstfangið hofudfat2014@hotmail.com. Einnig minnum við á heimasíðuna www.thingborg.net

„Leyndardómar Suðurlands“ - Kynningarátak 26. mars til 6. apríl 2014 -

Framundan er umfangsmikið kynningarátak á Suðurlandi þar sem ferðabjónustufyrirtækjum, matvælaframleiðendum, félögum, fyrirtækjum, stofnunum, einstaklingum og öllum öðrum áhugasömum er boðið að taka þátt í. Átakið kallast „Leyndardómar Suðurlands“ og mun standa yfir frá miðvikudeginum 26. mars til sunnudagsins 6. apríl nk. Það eru Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) og Markaðsstofa Suðurlands, sem standa fyrir verkefninu.

Markmiðið er að kynna sem mest af Suðurlandi og fá sem flesta gesti til að heimsækja Suðurland. Megininntakið í atakinu er Matur – Saga – Menning. Hér er kærkomið tækifæri, til að lengja ferðamannatímabilið og koma öllum leyndardómum Suðurlands á framfæri. Markhópurinn eru allir Íslendingar. Á Suðurlandi eru mörg leyndarmál, sem eru vel þess virði að deila, en “leyndarmál” - er einmitt boðskapur ársins í herferð Íslandsstofu, “Ísland allt árið”. Með því að blása í herlúðra Sunnlendinga samtímis er mögulegt að ná samlegð milli verkefna. Dæmi um atburði þessa daga gætu verið tilboð á veitingastöðum, tveir fyrir einn í gistingu, ókeypis í sund, listsýningar, tónleikar, skemmtanir, tilboð á sunnlenskum vörum, lengdur opnunartími verslana, ókeypis í strætó, tilboð í afþreyingu, opin hús víða í fjórðungunum og fleira og fleira.

Hægt er að fylgjast með framvindu verkefnisins á heimasíðu SASS, www.sudurland.is og á fésbókarsíðu þess, „Leyndardómar Suðurlands“. Hafi fólk einhverjar góðar hugmyndir um „leyndardóma“, sem hægt væri að koma á framfæri er best að setja sig í samband við Iðunni á idunn@floahreppur.is

Frá Villingaholtskirkju

Messa verður í Villingaholtskirkju sunnudaginn 9. mars kl.13.30. Prestur Sr. Axel Árnason Njarðvík. Söngkórinn leiðir söng. Organisti Ingi Heiðmar Jónsson.

Aðalsafnaðarfundur Villingaholtssóknar verður haldinn 9. mars að lokinni messu, eða um kl. 14.30.

Venjuleg aðalfundarstörf, þ.e. skýrsla formanns sóknarnefndar, reikningar skýrðir og önnur mál. Við hlökkum til að sjá ykkur

F.h. sóknarnefndar
Sólveig Þórðardóttir gjaldkeri

Frá Nautgriparæktarfélagi Flóamanna:

Fyrirhugað er að fara í naugriparæktarferð um uppsveitir Árnessýslu nú í mars. Ekki hefur fyllilega gengið frá skipulagi ferðarinnar en ferðatilhögun verður auglýst fljótlega. Stjórnin

Dagskrá mánaðarins

Basarvinna Kvenfélag Gaulverjabæjarhr.	4. mars
Frjársar í Þingborg	4. mars
Herbergiskvöld í Þingborg	6. mars
Héraðsglíma HSK	6. mars
Fundur hjá ferðapjónustuaðilum	6. mars
Folaldasýning Hrossaræktarf. Hraungerðishr.	9. mars
Messa í Villingaholtskirkju	9. mars
Aðalsafnaðarfundur Villingaholtssóknar	9. mars
Skákmót í Tré og list	9. mars
Glímuæfing	10. mars
Frjársar í Þingborg	11. mars
Aðalfundur Búnaðarfélags Villingholtshrepps	11. mars
Glímuæfing eldri	13. mars
Aðalfundur Kvenfélags Hraungerðishrepps	13. mars
Aðalfundur Kvenfélags Villingaholtshrepps	13. mars
Skemmtiferð hrossaræktarfélaganna	15. mars
Glímuæfing	17. mars
Frjársar í Þingborg	18. mars
Basarvinna Kvenfélag Gaulverjabæjarhr.	18. mars
Herbergiskvöld í Þingborg	20. mars
Glímuæfing eldri	20. mars
Glímuæfing	24. mars
Frjársar í Þingborg	25. mars
Glimæfing eldri	27. mars
Aðalfundur Kvenfélags Gaulverjabæjarhr.	27. mars
Messa í Gaulverjabæjarkirkju	30. mars
Glimæfing	31. mars
Aðalsafnaðarfundur Gaulverjabæjarsóknar	30. mars
Basarvinna Kvenfélag Gaulverjabæjarhr.	1. apríl
Herbergiskvöld í Þingborg	2. apríl

